

Reykjavík, 15. febrúar 2016

Niðurstaða athugunar á umfangi veittra ívilnana hjá Arion banka hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á fyrri hluta árs 2015 á umfangi veittra ívilnana hjá Arion banka hf. Markmið athugunarinnar var að leggja mat á umfang ívilnana (e. forbearance) og hvort skráning, eftirlit og skýrslugjöf bankans til Fjármálaeftirlitsins vegna þeirra væri fullnægjandi. Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í desember 2015.

Ívilnanir nefnast þau úrræði sem bankar geta gripið til, til að koma í veg fyrir vanskil lántaka eða til að koma lántökum úr vanskilum og aftur í skil. Dæmi um slík úrræði eru endurfjármögnun, breytt greiðsluflæði, frestun á greiðslum eða veiting fyrirgreiðslna til skamms tíma sem ráðstafað er til greiðslu afborgana lána sem eru í vanskilum. Lán sem hlotið hafa ívilnun eru talin áhættusamari en þau lán þar sem staðið er við upphaflega lánskilmála. Lánastofnunum ber að taka tillit til ívilnana við mat á áhættu útlána sinna og upplýsa Fjármálaeftirlitið um flokkun þeirra í sérstakri lánasafnsskýrslu.

Athugun Fjármálaeftirlitsins náði til fimmtán valinna lántaka sem Arion banki hf. tilgreindi í lánasafnsskýrslu sinni hinn 31. desember 2014 og flokkaði annars vegar *í skilum án endurskipulagningar* eða *í skilum eftir endurskipulagningu*. Samanlagt nam bókfært virði lána þeirra um 6% af bókfærðu virði lána Arion banka hf. til fyrirtækja.

Í tengslum við athuginina afhenti Arion banki hf. Fjármálaeftirlitinu m.a. afrit af lánsamningum og umfjöllun lánanefnda um einstakar lánveitingar. Í athugininni byggði Fjármálaeftirlitið á leiðbeiningum og skilgreiningum á ívilnunum og vanefndum í lánasafnsskýrslu Fjármálaeftirlitsins.

Helstu niðurstöður athugunarinnar

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að úrræði Arion banka hf. gagnvart sex lántökum, af þeim fimmtán sem voru í úrtakinu, hefðu falið í sér ívilnanir samkvæmt skilgreiningum lánasafnsskýrslunnar.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að lán fimm lántaka sem hlotið höfðu *frystingu greiðslna* voru flokkuð *í skilum eftir endurskipulagningu* í lánasafnsskýrslu Fjármálaeftirlitsins. *Frysting greiðslna* telst til vanefnda samkvæmt skilgreiningum lánasafnsskýrslunnar og Arion banka bar því að flokka umrædda lántaka í vanefndahluta skýrslunnar.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að Arion banki hf. leiðrétti flokkun á lánnum framangreindra lántaka í samræmi við athugasemdir Fjármálaeftirlitsins og yfirfæri hvernig staðið væri að skráningu ívilnana af þessum toga í kerfum bankans þannig að tryggð væri rétt skráning í lánasafnsskýrslu. Óskað var eftir því að innri endurskoðandi framkvæmdi úttekt á úrbótunum og skilaði Fjármálaeftirlitinu greinargerð hinn 15. mars 2016.